



Desember 2025

Verkefnaáætlun

Fagleg stjórn um þróun virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu

Verkefnaáætlun

Fagleg stjórn um þróun virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu

Forsendur

Þann 1. desember 2020 skipaði forsætisráðherra *starfshóp um endurmat á virði kvennastarfa*. Starfshópnum var falið að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til forsætisráðherra í september 2021 og lagði til að settur yrði á laggirnar aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti með þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk hópsins væri að greina vanmetna þætti í störfum sem konur gegna frekar en karlar og þróa verkfæri sem veitti atvinnurekendum stuðning við að tryggja jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni.

Í kjölfarið skipaði forsætisráðherra *aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði*. Eitt af verkefnum aðgerðahópsins var að setja af stað þróunarverkefni með þátttöku fjögurra ríkisstofnana sem þóttu endurspeglar ólíka og fjölbreytta vinnustaði ríkisins. Leitað var til Jafnlaunastofu um að veita fræðslu um virðismat starfa og síðan í samvinnu við aðgerðahóp að þróa virðismatskerfi sem væri til þess fallið að stuðla að launajafnrétti.

Til að greiða fyrir gerð kjarasamninga 2024 undirrituðu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra yfirlýsingar um aðgerðir gegn launamun kynjanna. Í kjölfarið skipaði forsætisráðherra *stýrihóp um virðismat starfa í þágu launajafnréttis* með þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Verkefni hópsins er gerð heildstæð virðismatskerfis sem hafi launajafnrétti að leiðarljósi og taki mið af lögum, kjarasamningum og alþjóðlegum skuldbindingum. Í byrjun árs 2025 gerir fjármála- og efnahagsráðuneyti samning við Jafnlaunastofu um þróun virðismatskerfis með markmiðum um launajafnrétti, gæði opinberrar þjónustu og stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar í samvinnu við hagaðila. Þann 2. maí 2025 óskaði Jafnlaunastofa eftir tilnefningum í faglega stjórn verkefnis um þróun virðismatskerfis um störf hjá ríkinu frá ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Hlutverk faglegrar stjórnar er að vinna að gerð virðismatskerfis til notkunar fyrir störf hjá ríkinu með stuðningi frá Jafnlaunastofu. Í allri vinnu skal tekið mið af markmiðum um launajafnrétti, gæði opinberrar þjónustu og stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar í samræmi við lög, kjarasamninga og alþjóðlegar skuldbindingar. Kerfið á að tryggja að starfsfólk sem gegnir jafn verðmætum störfum njóti jafna launa og kjara, óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum breytum sbr. lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Verkefnið er samstarfsverkefni þar sem stjórnarfólk hefur jafnt vægi og ákvarðanir eru teknar með einhug.

Afmörkun

Fagleg stjórn vinnur að gerð virðismatskerfisins, prófun þess og mótun verklags um notkun þess. Unnin verða starfasnið fyrir valda starfahópa til að fanga inntak starfa. Starfasniðin verða nýtt til þróunar og prófunar á virðismatskerfinu. Við val starfahópa sem vinna á starfasnið fyrir þarf að tryggja að valin séu fjölbreytt störf þvert á málaflokka ríkisins þar sem sérstök áhersla er lögð á að draga fram og meta þá þætti sem einkenna störf þar sem konur eru í meirihluta. Fagleg stjórn skilgreinir nánar þær forsendur sem liggja til grundvallar við val starfahópa.

Verkefninu er skipt upp í fjóra meginhluta:

1. Undirbúningur
2. Gagnaöflun, starfagreiningar og starfasnið
3. Þróun kerfis
4. Mat starfasniða

Afurð verkefnisins er fullbúið virðismatskerfi með skilgreiningum á þáttum og þrepum með hjálpartexta ásamt spurningalista til að styðja við mat starfa. Í kjölfarið eru valin starfasnið metin út frá nýju virðismatskerfi. Verklök eru áætluð í lok árs 2026.

Aðilar og ábyrgð

Stýrihópur um virðismat starfa í þágu launajafnréttis (SH) hefur það hlutverk að fylgja eftir yfirlýsingum stjórnvalda um gerð heildstæðs virðismatskerfis í þágu launajafnréttis og tryggja að framgangur verkefnisins og afurðir þess séu í samræmi við markmið og ákvæði jafnréttislaga.

Fagleg stjórn um þróun virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu (FSVR) vinnur að öllum þáttum við þróun virðismatskerfis sem samræmist markmiðum um launajafnrétti, gæði opinberrar þjónustu og stefnumiðaðra mannauðsstjórnunar. Í því felst meðal annars afmörkun verkefnisins, skipulag fræðslu og miðlunar, skilgreining á fyrirkomulagi starfagreininga og gerð starfasniða og val matsþátta. Faglegu stjórnina skipa jafnmargir fulltrúar launagreiðenda og fulltrúar heildarsamtaka launafólks hjá ríkinu. Þá hefur skrifstofa jafnréttismála áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar. Fagleg stjórn ákveður hvort skipa þurfi starfshópa á starfstímanum.

Jafnlaunastofa (JS) á í samstarfi annars vegar við faglega stjórn (FSVR) og hins vegar stýrihóp (SH).
Innan Jafnlaunastofu starfar *verkefnastofa ríkisverkefnisins (VS)* sem vinnur fyrir faglega stjórn að öllum verkþáttum verkefnisins.

Verkefnið um þróun virðismatskerfis í þágu launajafnréttis er unnið á vettvangi faglegrar stjórnar um þróun virðismatskerfis í samræmi við samning fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Jafnlaunastofu þar að lútandi og getur verið innlegg í mögulegar breytingar á kjarasamningum sem fjármála- og efnahagsráðherra gerir f.h. ríkissjóðs.

Verkefnaáætlun

Verkefnahluti	Verkþættir	Skýring	Ábyrgð	Staða
Undirbúningur Vor – september 2025	Skipun faglegrar stjórnar	Fulltrúar ríkis og launafólks eru skipaðir í stjórn með vísan til samnings fjármála- og efnahagsráðuneytisins við Jafnlaunastofu, um gerð og innleiðingu virðismatskerfis í þágu launajafnréttis.	SH	✓
	Skilgreining og afmörkum verkefnisins	Verkefnaáætlun og starfsreglur faglegrar stjórnar eru útbúnar og samþykktar.	FSVR +VS	✓
	Fræðsla og þjálfun	Grunnfræðsla um virðismat fer fram fyrir starfsfólk Jafnlaunastofu, faglegar stjórnir virðismatsverkefna og aðra hagaðila.	VS	✓
	Kortlagning virðismatskerfa	Ólík matskerfi, sem ætlað er að stuðla að launajafnrétti, eru rýnd.	VS	✓
	Gerð fræðsluefnis	Fræðsluefni vegna grunnfræðslu er útbúið og gert aðgengilegt hagaðilum verkefnisins, fjölmiðlum, hagsmunasamtökum og öðrum áhugasömum. Þessi verkþáttur takmarkast ekki við undirbúningsfasa heldur er í stöðugri vinnu út verkefnatímamann.	FSVR +VS	Gegnumgangandi
	Grunngagnaöflun (aðferðafræði)	Aðferðir við gagnasöfnun eru útfærðar fyrir gerð starfasniða, m.a. spurningalistar og rýnivíðtöl.	FSVR +VS	Í vinnslu
Gagnaöflun, starfagreiningar og starfasnið September 2025 - febrúar 2026	Val starfahópa	Fagleg stjórn velur störf og/eða starfahópa sem verða til grundvallar við þróun starfasniða og virðismatskerfis.	FSVR+ VS	
	Gagnaöflun og úrvinnsla	Spurningalistar eru lagðir fyrir úrtak og í framhaldi eru haldin rýnihópaviðtöl til að dýpka niðurstöður við gerð starfasniða.	VS	
	Gerð starfasniða	Skilgreint er hvað felst í hverju starfasniði. Vinnan leggur áherslu á að sniðin séu faglega ígrunduð, áreiðanleg og taki mið af meðvitaðri og ómeðvitaðri hlutdrægni.	VS	

Þróun kerfis Janúar 2025 - maí 2026	Rýning kerfis	Kerfisdrög eru rýnd út frá inngildingar og fjölbreytileikasjónarmiðum.	FSVR +VS	
	Þróun og útfærsla	Rafrænar lausnir sem styðja við þróun kerfis eru valdar eða þróaðar.	FSVR +VS	
	Efnisleg uppbygging	Matsþættir sem kerfið mun taka tillit til eru valdir. Meginþættir og undirþættir eru skilgreindir auk þess að þrepin undir þáttunum eru útfærð.	FSVR +VS	
Mat starfasniða Ágúst 2026- nóvember 2026	Val í matsnefnd	Ákveðið hvort fagleg stjórn eða sérstök matsnefnd sjái um að meta starfasnið út frá nýja kerfinu. Valið í matsnefnd ef þörf er á.	FSVR	
	Prófun og aðlögun	Kerfið er prófað með mati á starfasniðum. Í kjölfarið eru framkvæmdar þverkeyrslur og á grundvelli þeirra er kerfið aðlagð og uppfært eftir þörfum.	FSVR +VS	
	Mat starfasniða	Starfasnið eru annaðhvort staðfestir eða endurskoðaðir í ljósi niðurstaðna. Að því loknu eru metin starfasnið afgreidd.	FSVR +VS	
	Rýning starfasniða	Starfasnið eru metin út frá inngildingar og fjölbreytileikasjónarmiðum.	FSVR +VS	
Verklok Desember 2026	Skýrsla og verklag	Skýrsla er unnin um framkvæmd verkefnisins og verklagsreglur um notkun kerfisins eru útbúnaðar og afgreiddar.	FSVR +VS	
	Niðurstöður	Niðurstöður verkefnisins eru kynntar fyrir hagaðilum.	FSVR	

Hugtakalisti

- **Kynskiptur vinnumarkaður:** Vinnumarkaður sem einkennist af því að hlutfall kynja er ólíkt milli atvinnugreina, starfsstétta og stöðu í skipuriti. Þetta getur birst í láréttri skiptingu (kynjasamsetning starfsgreina er ólík þar sem eitt kyn er í meirihluta) og lóðréttri skiptingu (kynin raðast á ólíka staði í skipuritum).
- **Ómeðvituð hlutdrægni:** Ómeðvituð hlutdrægni (e. implicit bias) eru ómeðvitaðar (og óviljandi) tengingar og fordómar sem við getum haft um tiltekna hópa og einstaklinga sem tilheyra tilteknum hópum og geta endurspeglast í hegðun, framkomu og viðhorfi okkar.
- **Jafnlaunareglan:** Jafnlaunaregla jafnréttis laga er í samræmi við jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnuáráðs (ILO) og jafnlaunaákvæði evrópuréttar. Konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Til að uppfylla ákvæði laga og alþjóðasáttmála um jöfn laun og kjör fyrir sömu og jafnverðmæt störf þarf að leggja mat á störf út frá viðmiðum sem eru til þess fallin að stuðla að launajafnrétti.
- **Virðismatskerfi í þágu launajafnréttis:** Kerfi sem hefur það að markmiði að uppfylla lagalegar kröfur um að greidd séu jöfn laun fyrir sömu og jafn verðmæt störf. Þau fela í sér kerfisbundið mat starfa byggt á hlutlægum viðmiðum sem fanga þær kröfur sem gerðar eru til starfa um þekkingu og færni, þá ábyrgð sem í starfi felst, það álag sem því fylgir og það vinnuumhverfis sem það er unnið innan. Í virðismati er áherslan á starfið en ekki einstaklinginn sem starfinu gegnir. Til að tryggja að virðismatskerfin þjóni tilgangi sínum um launajafnrétti þurfa þau að byggja á þekkingu á hinum kynskipta vinnumarkaði og áhrifum hans á launamun kynjanna og taka breytingum í takt við þróun starfa og breytingar á vinnumarkaði.
 - **Matsþættir:** Viðmið eða þættir sem öll störf eru metin út frá í virðismatskerfi og gera okkur kleift að taka tillit til fjölbreyttra krafna starfa. Þættirnir skiptast í yfir- og undirþætti. Í virðismatskerfum í þágu launajafnréttis er nauðsynlegt að taka mið af fjórum yfirþáttum sem eru þekking og færni, álag, ábyrgð og vinnuumhverfi. Hver yfirþáttur er svo brotinn niður í undirþætti til að geta metið fjölbreyttar kröfur starfa.
 - **Þátta- og þrepaskilgreiningar:** Undirþáttum er skipt niður í þrep sem fela í sér upptalningu á kröfum sem starf þarf að uppfylla til að vera metið á tilteknu þrepi. Í þrepum getur falist ákveðin sköpun, til dæmis út frá tíðni, lengd, ákefð eða annarra þátta sem eru ólíkir milli starfa. Við þátta- og þrepaskilgreiningar er mikilvægt að huga að inngildingar- og fjölbreytileikasjónarmiðum svo ekki halli á neinn ákveðinn hóp starfsfólks.
- **Mat starfa:** Kerfisbundið mat á þeim kröfum sem gerðar eru til starfs. Matið byggir á hlutlægum viðmiðum í þeim tilgangi að tryggja að launaákvæðin séu teknar með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er.
- **Starfslýsing:** Í starfslýsingu eiga að koma fram markmið, tilgangur, meginþættir starfs og helstu verkefni. Með því er ljóst hvaða kröfur eru gerðar um þekkingu og færni starfsfólks og hvaða

ábyrgð og skyldur fylgja starfi. Í einhverjum tilfellum er fjallað um starfsumhverfi og sérverkefni starfsfólks.

- Starfasnið: Starfasnið er heildarlýsing á starfi eða starfahóp, þ.e. þeirri ábyrgð og álagi sem starf felur í sér, þekkingu og færni sem krafist er og því vinnuumhverfi sem starfað er innan. Í starfasniði eru verkefni starfs brotin upp og greind ítarlega í þeim tilgangi að varpa ljósi á þær aðstæður og kröfur sem verkefnin gera til starfa. Starfasnið er hins vegar ekki tæmandi lýsing á starfi né þeim verkefnum sem felast í starfinu. Hann er unninn út frá gagnreyndum upplýsingum og starfagreiningum sem byggja meðal annars á niðurstöðum spurningakannanna, rýnihópaviðtölum, starfslýsingum og öðrum fyrirbyggjandi gögnum.